

Nd.

233. Nefndarálit

um frv. til I. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu málsins. Minni hluti nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt. Nefndin leitaði álit sandgræðslustjóra um frumvarpið. Fylgir umsögn sandgræðslustjórans hér á eftir, merkt fylgiskjal I. Þá fékk og sveitarstjórn Selvogshrepps tækifæri til þess að kynna sér efni frv. Fylgir álitgerð sveitarstjórnarinnar hér, merkt fylgiskjal II.

Þar sem báðir þessir aðilar lýsa sig algerlega andstæða því, að frumvarpið verði samþykkt, þá getur meiri hluti landbúnaðarnefndar ekki fallið á, að svo verði gert. Telur nefndin, að í álitgerðum sandgræðslustjóra og sveitarstjórnar Selvogshrepps séu færð glögg rök að því, að ekki beri að selja þann hluta jarðarinnar, sem frv. fjallar um, og afhenda hann á þann hátt til frjálsra afnota hvað beit snertir. Mundi af því geta leitt landeyðing og uppblástur að nýju.

Samkvæmt því, sem hér er fram tekið, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Steingr. Steinþórsson,
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson.

Fylgiskjal. I.

SANDGRÆÐSLA ÍSLANDS

Hafnarfirði, 27. marz 1941.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 24. þ. m., sent mér „Frumvarp til laga um sölu á landspildu úr Neslandi í Selvogi“ og óskað eftir umsögn minni um það.

Frumvarp þetta hef ég lesið og greinargerð, sem því fylgir.

Í greinargerðinni eru ýmsar upplýsingar um það, sem gerzt hafi áður en sandfokssvæðið var girt frá Ölfusá, að vitanum austan við Nes í Selvogi. Svæði þetta var girt árið 1935. Landstærðin er 7797 ha. Af því landi var 2122 ha. stykki frá Nesi, sem var keypt fyrir rúmar 6000 kr.

Í greinargerðinni er fyrst talað um samning, sem sýslumaður Árnessýslu hafi gert við jarðeigandann í Nesi árið 1934, og að eftir þeim samningi hafi átt að girða í Hellisþúfu og þaðan sjónhendingu til sjávar í Viðarhelli. Samning þennan hef ég aldrei séð, en ég kynnti mér mjög vel, hvort hægt væri að girða þessa leið. Áleit ég með öllu ófært að fara með girðingu þessa línu af tveim ástæðum:

1. Ég fann þar engan stað við sjó, sem gott var að girða á, svo tryggt væri, að fé gengi ekki milli girðingar og sjávar. Auk þess virtist mér sem sjór gengi þar langt á land upp í stórbrimum, svo að þar væri ekki hægt að halda girðingu í lagi.
2. Milli nefndrar línu, „Hellisþúfa í Viðarhelli“, og byggðar og túna í Selvogi er allstórt sandsvæði og hættulegt sandfok, sem getur eyðilaggt bæði tún og byggð í Selvogi, ef hörð og óhagstæð veður koma.

Í greinargerðinni segir: „Nú hagar svo til í Selvogi, að bændur verða nær eingöngu að lifa af sauðfjárrækt. Og þar sem nær enginn heyskapur er þar utan túns og sauðféð verður mikið að lifa af beit, þarf mikið landrými.“

Þarna eru dregnar fram aðalforsendur fyrir þessu frumvarpi. Sanna þessi rök þann grun, sem ég hef haft um, að landið í Selvogi væri undir örtröð beitarfénaðar. Hér er um tvennt að ræða, tvær gagnstæðar aðferðir. Önnur er að friða landið, græða það og hefta sandfokið; að því var stefnt með nefndri girðingu. Hin aðferðin er að leggja landið undir örtröð beitarpenings, sem ekki einungis ténir hvert strá, lyngkló og víðikvist, heldur sverfur svörðinn og rífur rætturnar og leggur landið í flag. Þarna rekast á augnablikshagsmunir þeirra einstaklinga, sem búa rányrkjubúskap á jörðum eins og Nesi í Selvogi, og gróður og gróðrarmold, sem er framtíðar þjóðareign og matbjargarforðabúr þeirra, sem þetta land byggja.

Á Nesi í Selvogi er sagt, að sé nú 7—800 fjár að vetrinum, en nokkuð á annað þúsund með lömbum á sumrum. Það er sorglegt, að bóndi, sem á 4 uppkomna syni, eins og bóndinn í Nesi, skuli ekki geta séð aðra atvinnumöguleika á jörð sinni en sauðfjárrækt, sem er rekin á útigangi að mestu leyti, en lítið á heygjöfum. Skyldi vera ógerlegt fyrir bóndann að byggja búskapinn meira á ræktun landsins, en minna á beit? Sandfokið sækir á byggðina í Selvogi úr tveim áttum. Milli Hlíðarvatns og sjávar er Viðisandur; þaðan kom sandurinn á Strandarland og barst til austurs. Aðaluppblásturssvæðið af Strandarlandi var girt árið 1928, og hefur það gróið mikið síðan.

Aftur miðar sandinum austan að vel áfram, og er hann bráðum kominn vestur í Strandargirðingu, og fer það innan skamms, ef ekkert verður að gert. Gróðri hinnar kostaríku Selvogssveitar er því hætta búin. Það er þess vert að kynna sér búnaðarsögu Selvogsins, því að þar var blómleg byggð.

Það er rétt sagt í greinargerð frumvarpsins, að ég vildi girða allt sandfokssvæðið, taka sandinn heim að túngörðum í Nesi og girða til sjávar hjá Nesvitanum, því að þar var bezta girðingarstæðið við sjó, og það eina, sem ég áleit, að til greina gæti komið. Mér duldist ekki, að það var hin mesta nauðsyn að girða heim að gördum, því að sandskaflar voru þá komnir inn fyrir þá, og jaðrarnir á

túnunum í Nesi víða mikið blásnir. Hjáleigur, sem áður voru, flestar komnar í eyði. (Riss gerði ég á uppdrátt, sem hér fylgir, sem sýnir, hvernig ég áleit, að þyrfti að girða).

Eftir nokkrar umræður um girðingarstæðið, varð samkomulag milli forsætisráðherra og bóndans í Nesi, að girðingarlínan yrði frá Hellisþúfu til sjávar hjá Nesvita (Snjöhúsvarða).

Frásögnin um sandfokshættu frá landspildu, sem frumvarpið fjallar um, er svo röng og öfgakennd í greinargerð frumvarpsins, að undrum sætir. Þar segir: „Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið.“

Ofan til, næst heiðinni, er á landi þessu mjög mikill sandur, víða með nokkrum gróðri, sem aukizt hefur síðan girt var, en þar eru sandgígir, sem blæs úr, og „randir“, þ. e. gróðurlaus börð, norðan og norðaustan á melgresisflesjunum, sem einnig blæs úr. Verði landið lagt undir beit, fer það í flag. 7. þ. m. skrifar hreppstjórinn í Selvogshreppi mér um sandfok þar í norðanveðrinu 27. og 28. f. m. Hann segir svo:

„Í síðasta norðanroki fauk mikill sandur á Nestúnin, en það hlífði Miðvogunum, að vindurinn var af norðri. Hefði hann verið á landnorðan, þá hefðum við fengið að kenna á sandhyl yfir túnin, sem eðlilegt er, þar sem sandurinn, sem er ógirtur, er eins og pældur kálgarður heim að túngörðum, hvað þá ef stækka á ógirta svæðið meira en um helming.“

Stórbýlin í Selvogi eru illa komin af sandfoki og uppblæstri. Áður fyrr voru þar höfuðbólin Strönd og Nes. Margir höfðingjar og nafnkenndir menn hafa í Selvogi verið, flestir kannast t. d. við Erlend lögmann og séra Eirik Magnússon. Búsældarlegt hefur verið þar, meðan land var gróið og tún og grösugt vallendi austan frá „Snjöhúsvörðu“ (Nesviti) vestur í Hlíðarvatn. Garður mikill var gerður alla þessa leið, sem friðaði tún og varði byggðina. Hungurvofan hefur þó gíst þessa sveit, ekki síður en margar aðrar byggðir þessa lands. Annálar segja, að árið 1314 hafi orðið svo mikið mannfall syðra „í sult“ af fátæku fólki, að þrjú hundruð lík komu þá til Strandarkirkju í Selvogi. Hvað margt af búpeningi hefur fallið af hor í Selvogi, verður ekki með tölum talið. Lengi fram eftir öldum hafa verið um 40 búendur í Selvogshreppi, en nú síðustu ár hafa verið þar 15—16 búendur, um 25 nautgripir, 2500—3000 kindur, 70—80 hross.

1706, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín gera jarðabók sína, eru um 30 bændur í Selvogshreppi, 669 kindur, 129 nautgripir, 77 hross.

Áður var mikill útvegur í Selvogi og Herdísarvík, en nú er þar enginn útvegur. Búskapur og atvinna Selvogsbænda hafa hina síðustu áratugi beint mjög í sömu átt sem frumvarpið stefnir að og lýst er í greinargerð þess, og nauðsyn bóndans í Nesi til að fá keypt land af sandgræðslusvæðinu til sauðfjárbeitar.

Séra Jón Vestmann sóknarprestur í Selvogi skrifar bréf 23. des. 1812 til biskups og landsstjórnar og lýsir, hvernig þá er háttað þar; hann segir:

„Allt fram undir endalok 16. (17.) aldar voru hér, eftir því, sem næst verður komizt, í Strandarkirkjusókn í Selvogi 42 búendur, sem sést af brag þeim, er Jón Jónsson, þáverandi bóndi í Nesi, orti um téðrar sóknar bæi og bændur, en nú eru hér einasta 16 búendur, með prestinum í reiknuðum, þeirra á meðal 8 bláfátækir öreigar. Fyrir og allt til 1770 gengu hér til útróðra 50 skip í Selvogi og Herdísarvík, en nú einungis 6 í báðum stöðunum. Orsökina til þess er ekki aleina sú, að fiskur hafi lagzt frá, allra sízt í Selvogi, heldur ásamt með sá mikli sandágangur, sem eftir áður sögðu hefur eyðilagzt svo marga bæi sóknarinnar, hefur einnig fyllt lendingar með svo mikinn sand, að þær eru of grunnar orðnar, og þess vegna ófærar, þegar nokkurt brim er í sjóinn. Sömu orsakir eru til þess, að næstum öll selalátur, tilheyrandi lénsjörð prestsins í Vogsósunum, eru aftekin og full af sandi, svo menn vita ekki eingang, hvar skerin á milli lagnanna hafa verið. Sandslægjan, sem var sú helzta, er téðri jörð fylgdi, og sem allt fram til 1780 og

þar yfir var svo góð, að óviða þurfti mikið að raka milli flekkja, er nú með öllu blásin í rotur og jarðleysur og svo snögg, að rart þykir, að bezti verkmaður slær þar heykapal á dag. Heiðin eður haglendið, sem fyrrum hefur öll verið vaxin grasi, alslags lyngi og víðivið, er nú uppurin og blásin í berg, holt og flög, svo kalla má, að ei sjáist nú meira en menjar einar í fám stöðum til hennar fyrri gæða.“ (Þetta skrifar séra J. V. 1812).

Mikið hafa gæði sveitarinnar gengið saman síðan þetta var ritað, en samt verð ég að játa, að ég tel mikil og góð búskaparskilyrði í Selvogi. Landið, sem enn er óblásið, er kjarngott. Veðráttan er mild, svo að mestan hluta ársins má vinna þar að jarðrækt. Landið er þurrt og allgott til ræktunar, þara má oft fá þar til áburðar. Silungsveiði er allmikil í Hlíðarvatni og gæti vaxið með klakstöð og skynsamlegri veiði. Æðarvarp gæti verið þar mikið, ef hólmar væru settir í vatnið og traust girðing við vatnið, svo fuglinn hefði næði, því að mikið er af honum. Þá er og hörmulegt að vita til, að útgerð hafi fallið niður í Selvogshreppi, því að það virðast góð skilyrði fyrir bátaútgerð í Herðisarvík, ef gerðar væru hafnarbætur. Ég efast ekki um, að Selvogur getur orðið fögur og heilladrjúg framtíðarbyggð, ef vegur er lagður inn úr Ölfusi um hann til verstöðva á Suðurnesjum. Sandfokið þarf að hefta, sauðfjáreign og rányrkja verður að minnka, en ræktun að aukast.

Sennilega hefur hið háa Alþingi þann góða skilning á, að sandgræðsla er nauðsynjamál fyrir Þorlákshöfn og Selvog, og fellir frumvarpið, sem nú liggur fyrir og hljóðar um sölu á spildu úr Neslandi, sem nú er girt með sandgræðslusvæðinu frá Ölfusá að Nesvita. Verði frumvarpið samþykkt, er með því eyðilögð sú sandgræðslubyrjun, sem þar er hafin og búið er að kosta til um 30000 kr. Auk þess er Þorlákshöfn sem útgerðarstöð eyðilögð, því að öll meðferð á nýjum og blautum fiski er örðug á sandfokssvæði. Svo getur líka farið, að hafnarbætur komi ekki að fullum notum, ef sandfokið skellur þar yfir. Friðun og sandgræðsla í Þorlákshöfn er litt framkvæmanleg, ef frumvarpið verður samþykkt og landspilda sú, sem það fjallar um, tekin til beitar, vegna þess, sem áður hefur verið sagt, þ. e. óhagstætt girðingarstæði og erfitt eftirlit með vörn, sökum fjarlægðar frá bæjum, en mikill ágangur af fénaði. Allt þetta gerir það, að ég tel vonlaust, að vörnin verði í lagi á sandgræðslusvæðinu, og legg því til, að frumvarpið verði fellt. Við þetta bætist, að verði landspildan seld og tekin til beitar, margfaldast sandmagnið, sem getur borizt yfir tún og byggð í Selvogi. Vex því sandfokshættan þar, ef frumvarpið verður samþykkt.

Legg ég hér með skjal frá kjösendum í Selvogshreppi, sem mótmæla því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Gunnl. Kristmundsson.

Landbúnaðarnefnd í neðri deild Alþingis.

Fylgiskjal II.

Þar sem Guðmundur Jónsson bóndi í Nesi hefur látið flytja frumvarp í þinginu um að fá landhluta úr Sandgræðslugirðingunni í Selvogi, sem er eign rikissjóðs, nefnilega að færa girðinguna þaðan, sem hún nú er, alllangt austur.

Hreppsnefnd Selvogshrepps leyfir sér að benda þeirri áskorun til hins háa Alþingis, að það samþykki ekki þetta frumvarp, af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Þegar Magnús Torfason sýslumaður barðist fyrir því, að sandurinn frá Ölfusá út að Nesi í Selvogi yrði girtur og þar með friðaður, var það ósk allra Selvogsinga, og hreppsnefndin lofaði fjárframlagi með því skilyrði, að sandurinn yrði allur tekinn til friðunar Þá reis Guðmundur Jónsson í Nesi upp og vildi ekki

láta taka allan sandinn, sagðist þurfa hann til beitar fyrir sauðfé. Þetta var sandurinn fyrir ofan túnin og var gott beutiland. Nú er þessi sandur, sem eftir var skilinn og ekki girtur, orðinn miklum mun verri, fénaðurinn grefur hann á vorin og nagar úr honum ræturnar. Af þessum sandi stafar mikil hættu, þó ekki sé við hann bætt, og sýndi það sig bezt í nýafstöðnu veðri, sem feykta miklum sandi á tún hér (og mest í Nesi, sem kom til af því, að vindur var af hánorðri), einnig eru sandskaflar undir öllum görðum, sem svo dreifist út um túnin, þegar blæs af annarri átt. Og komi veður af norðaustri, stafar mesta hættan af, og svo getur farið, að mikill hluti af túnnum fari með öllu af vegna sandfoks.

Þetta land, sem Guðm. vill nú fá, er orðið mikið gróið af sandgrasi og vallendi, sem verður svo eftir stuttan tíma orðið að sandfláka eins og það, er eftir var skilið, þá girt var, og sjá þá þeir, sem kunnugir eru, hvaða hættu hreppnum er búin.

Guðmundur í Nesi hefur 6 menn í heimili og hátt á áttunda hundrað fjár, segist þurfa að hafa féð í girðingunni allt árið vegna mæðiveikihæltu. Þó gengur fé hans í fjörunni saman við Selvogsfé, sem er á fjalli á sumrin innan um veikt fé.

Hreppsnefnd Selvogshrepps væntir fastlega, að hæstvirt Alþingi taki bréf þetta til greina, enda mundu fleiri á eftir koma með líkar kröfur.

Hreppsnefndin í Selvogshreppi, 8. marz 1941.

Bjarni Jónsson. Sveinn Halldórsson. Snorri Þórarinnsson.

Til Alþingis Íslands.